

Starfsskýrsla æskulýðsnefndar Kóps 2011.

Æskulýðsnefnd Kóps skipa:
Kristín Ásgeirsdóttir formaður
Harpa Ósk Jóhannesdóttir
Þórgunnur María Guðgeirsdóttir

Í mars blésum við til pizzuveislu með fræðslu ívafi. Fengum við afnot af skólahúsnæði strax eftir skóla þann dag og þau börn sem ekki búa í þéttbýlinu fengu leyfi til að vera eftir. Foreldrar þeirra sóttu þau síðan að fjöri loknu. Þátttaka var mjög góð, pizza er jú alltaf pizza. Byrjuðum við á að fræðast um hesta og hestamennsku síðan tók við leikjasprikl og fjör í fina íþróttahúsinu okkar og endað á að gúffa í sig pizzum sem vertinn á Systrakaffi bakaði fyrir okkur. Héldu síðan allir heim glaðir og kátir með þátttökuviðurkenningu um hálsinn.

Helgarnámskeið fyrir 6-15 ára var haldið í apríl.
Þátttakendur voru aðallega þau yngri og tókst það í alla staði vel.

Í júní var reiðskólinn. Það er fastur liður í æskulýðsstarfinu og þátttaka alltaf ágæt.

Ekki höfðu allir krakkar tök á að mæta með sinn eigin hest. Við leituðum því til félagsmanna og annarra hestaeigenda á svæðinu og voru allir boðnir og búnir til að lána okkur hesta og þökkum við kærlega fyrir það.

Kennt var í viku, kennari var Kristín Lárusdóttir. Námskeiðinu lauk með sýningu fyrir foreldra, afa og ömmur og aðra áhangendur. Krakkarnir sýndu afraksturinn og var ekki að sjá að þeim þætti þetta leitt ef marka mátti breiðu brosin á öllum andlitum.

Boðið var upp á grillaðar pylsur, gos og nammi fyrir alla og endað á útreiðartúr.

Á 17.júní var teymt undir börnum og er það alltaf jafn vinsælt, myndast yfirleitt löng röð strax og hrossin mæta á svæðið. Einnig mættum við með hesta, að ósk leikskólastjóra Kærabæjar, á vorhátíð leikskólans og teymdum undir börnunum.

Í ágúst er árlega hestaferðin okkar og krakkarnir eru þátttakendur í henni.

Í firmakeppni Kóps og á félagsmótinu okkar fer fram keppni í barna og unglingaflokkum. Þar erum við í lögð núna því léleg þátttaka var í ár. Það er verðugt verkefni komandi árs að skoða það og reyna að hvetja þau til að keppa.

Nágrannar okkar í Sindra komu í heimsókn og kepptu þeir hjá okkur sem gestir.

Þökkum við þeim hér með kærlega fyrir komuna og þátttökuna.

Að lokum má ekki gleyma að minnast á og þakka krökkunum sem hjálpa til í félagsstarfinu almennt, með því t.d. að selja blóm, safna bingóvinningum, snyrta vallarsvæðið, afgreiða í sjoppu o.fl. og o.fl.

Nú sem fyrr lofar æskulýðsnefnd bót og betrun og bætt félagsstarf fyrir krakkana. Það er svo spurning um efndirnar.

*Með kærri kveðju
f.h. Æskulýðsnefndar Kóps
Kristín Ásgeirsdóttir.*